

# Lög um fiskeldi – Auðlind í eigu útlendinga, ný stefna á Íslandi?

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson

Margir firðir á Íslandi gefa gott skjól til sjókvíaldis og eru að því leyti auðlind eins og önnur gæði sjávarins. Til að leggja grunn að miklum fjárhagslegum ávinningi fyrir útlendinga þurfti að semja leikreglur sem hentuðu erlendum fjárfestum. Skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem gefin var út 23. ágúst 2017 lagði grunn að eignarhaldi og miklum fjárhagslegum ávinningi erlendra aðila við uppbyggingu sjókvíaldis á laxi á Íslandi. Málið fór síðan í gegnum alla stjórnsýsluna með litlum breytingum og var samþykkt á Alþingi Íslendinga á árinu 2019.

## Stefnumótunarskýrslan og erlent eignarhald

Í stefnumótunarskýrslunni er lagt til að ekki verði settar sérstakar takmarkanir á erlent eignarhald í íslensku fiskeldi og ekki heldur settar reglur um dreift eignarhald. Í skýrslunni kemur einnig fram: „Þau rök hafa heyrst að hagnaður í fyrirtækjum sem lúta erlendri eignaræðild sé fluttur úr landi og eigendur ráðstafi honum erlendis og fjárfesti ekki hér á landi. Hvort þetta verður raunin á eftir að koma í ljós“. Þetta er nú reyndar komið fram, með því að skrá félögin á erlendan hluta-bréfamarkað hafa bréfin „hækkað í hafi“ um tugi milljarða króna eins og fjallað hefur verið um í fyrri greinum.

## Útlendingar fá auðlindina að mestu endurgjaldslaust

Auðlindin var orðin eign útlendinga, en fyrirtæki með sjókvíaldis á laxi eru í meirihlutaeigu erlendra aðila en þar eru Norðmenn stærstir. Tökum dæmi um Arnarlax þar sem eigið fé í árslok 2019 var um níu milljarðar króna, en félagið metið á um 47 milljarða þegar farið var í hlutfjár-



Valdimar Ingi Gunnarsson

útboð. Viðskiptavild um tæpa 40 milljarða hjá þessu eina fyrirtæki er að mestu vegna verðmætra eldisleyfa. Var það ætluð löggjafans að eldisleyfin, auðlindin, yrði eign útlendinga.

## Íslendingar þurfa að greiða fyrir fiskveiðiauðlindina

Kvótakerfið hefur fengið mikla gagnrýni og er eflaust ýmislegt þar hægt að bæta og er

það þá hlutverk Alþingis Íslendinga að taka á því með breytingum á fiskveiðistjórnarlögum. Á Íslandi er veiðireynsla orðin að varanlegum kvóta og sú eign er í eigu innlendra aðila, að hluta til þeirra frumkvöðla sem hófu útgerð eða útgerða sem hafa keypt kvóta á háu verði. Allar fjárfestingar eru innlendra aðila í sjávarútvegsauðlindinni og innviðum.

## Af hverju fá útlendingar auðlindina endurgjaldslaust?

Íslenskir athafnamenn hafa verið leppir útlendinga í laxeldimálum. Þar hafa verið fremstir í flokki stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða með aðstoð fv. þingmanns Vestfirðinga, ráðherra og forseta Alþingis. Með yfirtöku Landsambands fiskeldisstöðva, og því að koma sér í stefnumótunarróp og með „lobbýisma“ hefur þeim tekist að láta semja leikreglur sem samþykktar hafa verið með lögum um fiskeldi á Alþingi Íslendinga og þannig náð að tryggja mikinn fjárhagslegan ávinning. Það er því vel skiljanlegt að þeir hafi ekki lagt til að takmarka erlent eignarhald eða gera mikið úr því að hagnaðurinn væri fluttur út úr landi. Nokkrir einstaklingar hafa orðið stórefnaðir á þessu samspili við Norðmennina.

## Samanburður

Þegar borið er saman það sem Íslendingar þurfa að greiða fyrir aflaheimildir og erlendir aðilar fyrir eldisleyfin kemur nokkuð áhugavert fram:

» Á sama tíma er erlendum aðilum færð auðlindin íslenskir firðir án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

● *Útlendingar fá ókeypis:* Í tilfalli Arnarlax geta verðmæti eldisleyfa sem ekki þarf að greiða fyrir verið um 1,6 milljónir króna á tonn eða um ein milljón króna á tonn ef miðað er einnig við leyfi sem eru í umskórnarferli.

● *Íslendingar greiða:* Í tilfalli varanlegs þorskvóta þarf að greiða um 3,2 milljónir króna í stóra kerfinu og um 2,5 milljónir króna í litla kerfinu fyrir hvert tonn og er þá miðað við árið 2020.

## Af hverju er aðilum mismunað?

Það er dálítið skrytið að heyra vægðarlausu gagnrýni stjórnmalamanna á kvótakerfið, en þar eru útgerðaraðilar að greiða umtalsverðar fjárhæðir fyrir aflaheimildir. Á sama tíma er erlendum aðilum færð auðlindin íslenskir firðir án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

Nánast allt laxeldi í sjókvíum áformar a.m.k. 100.000 tonna framleiðslu, verðmætara en allar þorskaflinn, yrði að langstærstu leyti í eigu Norðmanna. Í þessu máli er algjör þöggun sem stjórnmalamenn vilja helst ekki ræða enda margir þeirra flæktir í málið og óttast einnig gagnrýni frá viðkomandi byggðarlögum sem njóta atvinnu af þessari atvinnuuppbyggingu. Aðdragandinn, vinnubrögðin og sú spilling sem var viðhöfð við undirbúning, gerð laga um fiskeldi og jafnvel eftir að löginn voru samþykkt mun aftur á móti koma af krafti inn í opinbera umræðu á næstu árum og áratugum eins og reyndin hefur verið með kvótakerfið. Það er e.t.v. hollt að taka strax þessa umræðu í kosningabaráttunni sem nú er fram undan.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár. [valdimar@sjavarutvegur.is](mailto:valdimar@sjavarutvegur.is)